

RANNSÓKNARLEYFI

Leyfi nr.: UOS-2025-L014-01

Málsnr.: UOS2502158

Jarðefnaleit á hafsbotni

Hafnasamlag Norðurlands bs.

Eyjafjörður – Hörgárósar og Laufásgrunnur

Kt.: 650371-2919

1. Almenn

Umhverfis- og orkustofnun veitir hér með Hafnasamlagi Norðurlands bs., kt. 650371-2919, leyfi til leitar jarðefna á hafsbotni utan netalaga í Eyjafirði við Hörgárósa og Laufásgrunn í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Hafnasamlag Norðurlands bs. er hér eftir nefnt leyfishafi.

Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum svo og þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Leyfið felur í sér heimild til handa leyfishafa til að framkvæma mælingar og rannsóknir í samræmi við rannsóknaráætlun, sbr. 3. gr. leyfisins, á afmörkuðum svæðum í Eyjafirði sem er afmarkað af hnitum og korti í fylgiskjali 1, sem telst hluti leyfisins.

Leyfið felur ekki í sér heimild til nýtingar á jarðefnum á umræddu svæði né forgang til slíkrar nýtingar. Leyfishafa ber að uppfylla viðeigandi lög og reglugerðir.

2. Gildistími

Leyfi þetta gildir frá útgáfudegi til 31. ágúst 2026.

3. Rannsóknaráætlun

Leyfishafa ber að haga leit og rannsóknum á leyfissvæðinu í samræmi við rannsóknaráætlun í umsókn. Gera skal Umhverfis- og orkustofnun grein fyrir niðurstöðum þegar þær liggja fyrir. Hann skal jafnframt gera grein fyrir endurskoðun á áætlun um rannsóknir sínar á leyfissvæðinu ef um veruleg frávik er að ræða frá upphaflegri áætlun eða rannsóknir eru auknar frá því sem gert var ráð fyrir í rannsóknaráætlun og leita skal samþykkis Umhverfis- og orkustofnunar ef verulegar breytingar verða á gildandi rannsóknaráætlun.



4. Umhverfissjónarmið og starfshættir

Við rannsóknir samkvæmt leyfi þessu skal leyfishafi gæta þess að raska ekki sérstökum eða sjaldgæfum jarðmyndunum og skal að öðru leyti taka tillit til umhverfissjónarmiða við rannsóknina. Jafnframt skal leyfishafi gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að forðast spillingu á lífríki láðs og lagar. Sérstaklega skal þess gætt að olía og önnur spilliefni fari ekki í sjó og skal leita heimildar viðkomandi stjórnvalda um meðferð slíkra efna eins og við á.

Leyfishafi skal við framkvæmdir í samræmi við leyfi þetta gæta þess að raska ekki neðansjávarköplum og öðrum lögnum.

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu og aðra starfsemi annarra aðila í nágrenni við efnistökusvæði, taka tillit til og hafa samráð við þá aðila.

5. Vatnamál

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sínum sem sett eru fyrir þau. Rannsóknirnar mega ekki valda hnignun ástands þeirra vatnshlota þar sem þær fara fram. Gæðabættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflökka í vatnaáætlun.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða leyfið eða setja ný skilyrði sýni gögn fram á að umhverfismarkmið vatnshlota náist ekki, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990.

6. Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd leyfisins og hefur rétt til að fylgjast með mælingum og niðurstöðum þeirra í alla staði. Leyfishafi skal aðstoða við eftirlit og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti. Umhverfis- og orkustofnun getur haft samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur.

Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar. Eftirlitskostnaður verður þó aðeins innheimtur á grundvelli skráðra vinnustunda og bókfærðs útlagðs kostnaðar.

7. Upplýsinga- og tilkynningarskylda

Leyfishafi skal tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um áformað upphaf rannsókna með a.m.k. viku fyrirvara. Reynist þörf á að breyta fyrirhuguðum tímasetningum ber að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun þar um eins fljótt og auðið er.

Leyfishafi skal að loknum rannsóknum, en eigi síðar en 30. september 2026, senda Umhverfis- og orkustofnun skýrslu um niðurstöður rannsókna. Þar skal gerð grein fyrir tækjabúnaði, tilhögun og niðurstöðum mælinga og túlkun þeirra.

8. Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem kann að hljóta af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Leyfishafa ber að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna tjóns sem kann að hljóta af starfsemi hans.



9. Kæruheimild

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu leyfis til rannsókna er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 31. apríl 2025

Umhverfis- og orkustofnun

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Teymisstjóri

Rakel Sæmundsdóttir

Sérfræðingur




FYLGISKJAL 1

Hnit og kort rannsóknarsvæða

Tafla 1. Hnitaskrá (ISNET 93) fyrir rannsóknarsvæði við Hörgárósa.

Hnit nr.	X	Y
1	537224.1	591052.9
2	537197.3	591082.3
3	537170.1	591098.7
4	537177.2	591345.4
5	537323.9	591290.0
6	537418.0	591208.8
7	538232.9	590272.9
8	538551.8	589900.7
9	538983.0	589507.9
10	539277.7	589146.5
11	539502.8	589066.8
12	539734.0	588828.5
13	539760.8	588642.8
14	539682.4	588187.3
15	539565.0	587928.8
16	539379.6	587379.7
17	539192.0	587347.4
18	539006.8	587378.6
19	538927.9	587420.0
20	538979.2	587648.7
21	538979.8	587744.8
22	538946.3	587925.7
23	538807.8	588263.3
24	538351.6	589051.3
25	537797.8	590034.2
26	537511.9	590570.9
27	537185.6	591048.6



Mynd 1. Kort af rannsóknarsvæðinu við Hörgárósa.



Tafla 2. Hnitaskrá (ISNET 93) fyrir rannsóknarsvæði við Laufásgrunn.

Hnit nr.	X	Y
28	537656.1	601171.5
29	538260.3	600869.6
30	539238.3	599376.7
31	539340.3	599058.2
32	539471.7	598512.7
33	539629.4	598120.0
34	539748.6	597933.3
35	539804.5	597829.9
36	539877.3	597695.1
37	539920.4	597568.8
38	539973.9	597411.9
39	540130.9	597291.1
40	540220.1	597208.0
41	540108.0	597120.7
42	540032.1	597091.7
43	539961.7	597098.4
44	539831.5	597242.2
45	539377.4	597655.1
46	538795.4	598294.4
47	538578.5	598732.3
48	538116.3	599219.4
49	537840.8	599587.7
50	537436.2	600246.6
51	537374.5	600404.9
52	537358.9	600540.2
53	537373.9	600772.2
54	537410.6	600888.0



Mynd 2. Kort af rannsóknarsvæðinu við Laufásgrunn.



FYLGISKJAL 2

Greinargerð vegna útgáfu rannsóknarleyfis Hafnasamlags Norðurlands bs., Hörgárósum og Laufásgrunni í Eyjafirði.

Orkustofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa en leyfi þetta er veitt af Umhverfis- og orkustofnun en hún tekur við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

1. Almenn

Umsókn um rannsóknarleyfi barst Orkustofnun þann 6. nóvember 2024 frá Hafnasamlagi Norðurlands bs. Orkustofnun gerði athugasemdir við umsóknina og barst uppfærð umsókn frá leyfishafa þann 22. nóvember 2024. Sótt var um rannsóknarleyfi til fjölgeisla- og setþykktarmælinga ásamt sýnatöku á jarðvegi og lífríki á tveimur svæðum í Eyjafirði, við Hörgárósa og á Laufásgrunni. Með rannsókninni á að kanna hvort að á þessum svæðum sé nýtanlegt efni til landfyllingar og hafnargerðar við Dysnes í Hörgársveit. Þann 12. mars 2025 sendi umsækjandi Umhverfis- og orkustofnun uppfærða umsókn vegna athugasemda í umsögnum, og er það sú umsókn sem fylgir leyfinu. Í uppfærðri umsókn hefur afmörkun rannsóknarsvæðis við Laufásgrunn (svæði 2) verið breytt frá fyrri umsókn og mynd 3 bætt við sem sýnir reiknað straumlíkan.

2. Umsagnir

Þann 27. nóvember 2024 leitaði Orkustofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990. Umsagnir Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar bárust þann 18. desember. Umhverfis- og orkustofnun kallaði eftir viðbrögðum umsækjanda við umsögnunum þann 20. febrúar 2025 og bárustu svör frá honum þann 27. febrúar 2025.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að bæði Hörgárósar og Laufásósinn séu á C-hluta náttúruminjaskrár og þá hafi leirusvæði utan við Laufárós verið tilnefnt sem mögulegt svæði fyrir B-hluta náttúruminjaskrár. Fyrirhuguð efnistökusvæði séu fyrir utan afmörkun C-hlutasvæða en skarist eilítið við afmörkun á tillögunni fyrir B-hluta. Náttúrufræðistofnun telur hættu á að efnistaka geti haft neikvæð áhrif á þau leirusvæði.

Viðbrögð umsækjanda

Í viðbrögðum umsækjanda kemur fram að til að gæta fyllstu varúðar hafi verið skilgreint öryggissvæði milli afmörkunar náttúruverndarsvæða og rannsóknarsvæða. Stærð og lega



öryggissvæða verður endurmetin á næstu stigum verði af efnistöku á svæðinu með afmörkun strýta til hliðsjónar, bæði afmörkun á C- og B-hluta.

Umsækjandi uppfærði umsókn sína þannig að afmörkun á rannsóknarsvæðinu fyrir utan Laufárós er nú utan við leirusvæðið.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur einnig fram að áætluð efnistaka sé sömuleiðis ekki í mikilli fjarlægð frá friðlýstum hverastrýtum. Mikilvægt sé að huga að því hvort og hvernig bæði rannsóknir og möguleg efnistaka og efnisflutningar geti haft áhrif á þessar merku náttúruminjar.

Viðbrögð umsækjanda

Umsækjandi telur ólíklegt að set/grugg berist að svæðum þar sem strýturnar eru, byggt á þeim gögnum sem aflað hefur verið um hverastrýtur á svæðinu og straumlíkani Eyjafjarðar. Vegna fjarlægðar efnistökusvæðinna frá hverastrýtunum og þess að straumar frá efnistökusvæðunum séu ekki í átt að strýtunum (skv. straumlíkani Vatnaskila frá árinu 2008, sjá mynd 3 í umsókn), telur umsækjandi litla hættu á að þær rannsóknir sem hann hyggst framkvæma sem og möguleg efnistaka og efnisflutningar hafi áhrif á hverastrýturnar á svæðinu.

Þá segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar: „Jákvætt er að kanna á betur botndýralíf og búsvæðanotkun fiska og annarra lífvera á fyrirhuguðum efnistökusvæðum sem undirbúningur fyrir mögulegt mat á umhverfisáhrifum. Þó það tengist ekki útgáfu þessa rannsóknarleyfis mun verða mjög brýnt að leggja mat á áhrif efnistökkunnar á aðliggjandi árósasvæði og lífríki þeirra þ.m.t. fjöruvistgerðir og fuglalíf, búsvæði laxfiska o.fl. sem og friðlýstar hverastrýtur eins og áður kom fram.“

Viðbrögð umsækjanda

Umsækjandi ætlar að hafa samband við sérfræðinga sem munu sjá um greiningar á botndýralífi til að meta hvaða sýna eða upplýsinga er hægt að afla miðað við þær rannsóknir sem áætlað er að framkvæma á þessu stigi.

Afstaða Umhverfis- og orkustofnunar

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir umsögn Náttúrufræðistofnunar og viðbrögð umsækjanda við þeim. Rannsóknirnar sem á að framkvæma fara að mestu leyti fram með fjölgeisla- og setþykktarmælingum en einnig verður minniháttar efnistaka, en áætluð heildarstærð sýna er á bilinu 1,3 – 2,8 m³. Umsækjandi hefur skilgreint öryggissvæði milli verndarsvæðis og rannsóknarsvæðisins og umsækjandi hefur breytt afmörkun rannsóknarsvæðis við Laufásgrunn. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að svæðin Hörgárósar og Laufásósinn séu á C-hluta náttúruminjaskrár. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að C-hluti náttúruminjaskrár, skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd hefur ekki verið samþykktur. Í 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið. Að þessu sögðu heldur eldri náttúruminjaskrá gildi sínu en réttaráhrif núgildandi laga ná ekki til náttúruminjanna. Umhverfis- og orkustofnun telur að áhrif rannsókna, eins og þeim er lýst, muni hafa engin eða hverfandi áhrif á þessi verndarsvæði og náttúruyfyrirbæri. Verði af efnistöku á svæðunum í framhaldi af



Þessum rannsóknum verður hins vegar nauðsynlegt að meta áhrif hennar á verndarsvæðin og hverastrýtnar, enda ætlar umsækjandi sér að endurmeta öryggissvæðin verði af efnistöknunni.

Umsögn Umhverfisstofnunar

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að rannsóknarsvæðin séu í strandsjávarhlotinu Eyjafjörður (nr. 102-1365-C). Umhverfismarkmið vatnshlotsins er að vera í góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Í umsögninni bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að hugað sé að mengunarvörnum þegar farið er um svæðið og sýni tekin. Tryggja þarf að þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin á svæðinu náist.

Viðbrögð umsækjanda

Umsækjandi telur mikilvægt að hafa ekki áhrif á vatnshlotið og ætlar því að fara yfir mengunarvarnir og viðbrögð við þeim með framkvæmdaraðilum rannsókna.

Afstaða Umhverfis- og orkustofnunar

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir umsögn Umhverfisstofnunar og viðbrögð umsækjanda við henni og telur ekki þörf á frekari viðbrögðum stofnunarinnar.

3. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Rannsóknin sem sótt er um fellur ekki undir lög, nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Matsáætlun hefur verið skilað inn til Skipulagsstofnunar vegna landfyllingar og hafnar í Dysnesi og eru þessar rannsóknir liður í söfnun frekari gagna vegna þeirrar framkvæmdar og umhverfismatskýrslu hennar.

4. Strandsvæðaskipulag

Ekkert strandsvæðaskipulag er í gildi fyrir þetta svæði né hefur tillaga að strandsvæðaskipulagi verið auglýst.

5. Áhrifamat á vatn

Rannsóknarsvæðið er í strandsjávarhlotunum Eyjafjörður, 102-1365-C og Eyjafjarðarbotn, 102-1321-C. Umhverfis- og orkustofnun óskaði ekki eftir áhrifamati á vatn frá umsækjanda þar sem fyrirhugaðar rannsóknir munu fara fram að mestu leyti með fjölgeisla- og setþykktarmælingum. Gerðar verða einhverjar sýnatökur með kjarnbor og botngreip en tilgangur þeirra er m.a. að taka sýni til rannsókna á lífríki. Áætlað er að heildarmagn sýnatöku verði á bilinu 1,3 – 2,8 m³. Vegna þessa litla umfangs telur Umhverfis- og orkustofnun að rannsóknin muni ekki hafa áhrif á vatnshlotin.